

GARÐABÆR  
DEILISKIPULAG ARNARNES  
GREINARGERÐ OG SKIPULAGSSKILMÁLAR

September 2017



**hornsteinar arkitektar**

Ingólfsstræti 5 101 Reykjavík Sími 511 7011 [www.hornsteinar.is](http://www.hornsteinar.is)

UNNIÐ FYRIR



GARÐABÆR

SAMÞYKKTIR :

Deiliskipulag þetta sem hefur fengið meðferð skv. 40. og 41.grein skipulagslaga nr.123/2010 var samþykkt í skipulagsnefnd

Garðabæjar þann \_\_\_\_\_  
og í bæjarstjórn Garðabæjar þann \_\_\_\_\_

f.h. Garðabæjar

\_\_\_\_\_

Deiliskipulagið tók gildi með birtingu auglýsingar nr. \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Önnur skipulagsgögn:

Eldra skipulag og skilmálar. Áorðnar breytingar.  
Teikn 001 - Dags. 5.september 2017  
Frumstærð uppdráttar A1 (mkv. 1:2000)

Deiliskipulagsuppdráttur  
Teikn 002 - Dags. 5.september 2017  
Frumstærð uppdráttar A1 (mkv. 1:2000)

Húsakönnun (Drög) – Dags. febrúar 2014

# E F N I S Y F I R L I T

## 1. ALMENNAR UPPLÝSINGAR

- 1.1 Tildrög skipulagsvinnunar
- 1.2 Gögn skipulagsáætlunar
- 1.3 Eldra skipulag og skilmálar
- 1.4 Stefnumörkun í aðalskipulagi

## 2. SKIPULAGSSVÆÐIÐ

- 2.1 Afmörkun, lega og aðkoma
- 2.2 Landnotkun
- 2.3 Eignarhald á landi
- 2.4 Yfirbragð og gerð núverandi byggðar
- 2.5 Nýtingarhlutfall
- 2.6 Sögu- og fornminjar
- 2.7 Vernduð svæði
- 2.8 Göngu- og reiðhjólástígar
- 2.9 Útivistarsvæði – opin óbyggð svæði
- 2.10 Leiksvæði
- 2.11 Gatnakerfi
- 2.12 Almenningsgöngur
- 2.13 Veitur
  - 2.13.1 Fráveita
  - 2.13.2 Hitaveita
  - 2.13.3 Rafveita
  - 2.13.4 Vatnsveita

2.14 Hjóðskermun

## 3. DEILISKIPULAG ARNARNESS

- 3.1 Forsendur deiliskipulags
- 3.2 Markmið deiliskipulagsins og megininntak
- 3.3 Megininntak skipulagsins
- 3.4 Lóðarmörk
- 3.5 Húsakönnun

## 4. ALMENNIR SKIPULAGSSKILMÁLAR

- 4.1 Hönnun og uppdrættir
- 4.2 Mæli- og hæðarblöð
- 4.3 Byggingareitir
- 4.3 Smáhýsi á lóð
- 4.5 Sorpgeymsla
- 4.6 Bílastæði og bilgeymslur
- 4.7 Húsagerðir
- 4.8 Nýtingarhlutfall
- 4.9 Nýbyggingar/viðbyggingar
- 4.10 Niðurrif húsa og annarra mannvirkja
- 4.11 Óbyggðar lóðir
- 4.12 Frágangur lóða
- 4.13 Girðingar, skjól- og stoðveggir
- 4.14 Kvaðir
- 4.15 Framkvæmdatími - tímamörk
- 4.16 Atvinnustarfsemi á íbúðarhúsalóðum

- 4.17 Raðhúsaæiningar við Hegranes 1-3
- 4.18 Nýtt útivistarsvæði til almannaþarfa
- 4.19 Ræktun á opnum svæðum / óhreyfðu landi
- 4.20 Gróður – útsýni - umhverfisgæði
- 4.21 Göngu- og reiðhjólástígar
- 4.22 Gildistaka

- Skýringarmynd : Hæðir húsa og gerð
- Skýringarmynd : Kvaðir
- Skýringarmynd : Opin svæði
- Skýringarmynd : Stígar
- Skýringarmynd : Hæðir húsa – dæmigerð sneiðing
- Skýringarmynd : Nýtingarhlutfall

## 5. SÉRÁKVÆÐI SKIPULAGSSKILMÁLA Hegranes 1-3

- 5.1 Almennt
- 5.2 Raðhús

## 6. ÖNNUR MANNVIRKI

- 6.1 Spennistöð
- 6.2 Dælustöð og brunnur
- 6.3 Bátaskýli

## 7. SKILMÁLATAFLA DEILISKIPULAGS

## 8. UPPDRÆTTIR og SKÝRINGARMYNDIR

- 001 Eldra skipulag og skilmálar. Áorðnar breytingar
- 002 Deiliskipulagsuppdráttur

## 9. VIÐAUKAR með greinargerð

- Viðauki I : Hljóðvist
- Viðauki II : Byggður flötur (35%)
- Viðauki III : Eldri skipulagsuppdraettir, ákvæði og skilmálar
- Viðauki IV : Sögu- og fornminjar
- Viðauki V : Athugasemdir og svör

## 1. ALMENNAR UPPLÝSINGAR

### 1.1 Tildrög skipulagsvinnunar

Á undanförunum árum hafa skipulagsyfirvöld í Garðabæ unnið að endurskoðun deiliskipulagsáætlana núverandi byggðar, sem margar hverjar voru komnar til ára sinna og uppfylltu ekki þær kröfur sem gerðar eru í dag til skipulagsmála. Í sumum tilfellum voru einfaldlega ekki til skipulagsupprættir þó svo að við uppbyggingu á árunum 1950-1970 hafi verið stuðst við ýmsar skipulagshugmyndir og þá jafnan í samvinnu við skipulagsstjóra ríkisins. Oftast eru til upprættir og skilmálar sem þó eru því marki brenndir að vera barn síns tíma og því full þörf á að uppfæra.

Sumarið 2010 felldi úrskurðarnefnd skipulags- og byggingar-mála úr gildi byggingarleyfi í Þrastanesi á Arnarnesi. Niðurstaða nefndarinnar var sú, að það skipulag sem stuðst hefur verið við í Arnarnesi frá árinu 1961 gæti ekki talist deiliskipulag og því ætti umrætt byggingarleyfi sér ekki stoð í deiliskipulagi.

Í framhaldi af þessari niðurstöðu úrskurðarnefndar ákvað Bæjarstjórn Garðabæjar að ráðast í vinnu við gerð deiliskipulags fyrir Arnarnes.

### 1.2 Gögn skipulagsáætlunar

Skilmálar þessir gilda fyrir allt deiliskipulagsvæðið.

Deiliskipulagstillagan tekur mið af Aðalskipulagi Garðabæjar 2004 - 2016 og eldri skipulagsákvæðum sama svæðis.

Deiliskipulagsáætlunin er sett fram í greinargerð þessari ásamt deiliskipulagsupprætti. Skipulagsupprátturinn er í mælikvarða 1:2000, dagss.apríl 2014. Þar eru settir fram helstu þættir skipulagsins, svo sem lega gatna og stígakerfi, opin svæði, lóðarmörk, byggingarreitir, kvaðir og bílastæði.

Skilmálatafla deiliskipulags fyrir einstaka lóðir, skýringarmyndir húsagerða, kvaða, opinna svæði og stíga fylgja einnig greinargerð þessari. Þá fylgja greinargerðinni tveir viðaukar; annars vegar skýrsla um hljóðvist og hins vegar upplýsingar um eldri skilmála og afsöl innan deiliskipulagssvæðisins.


### 1.3 Eldra skipulag og skilmálar

Skipulag Arnarness var fyrst samþykkt af hreppsnefnd Garðahrepps árið 1961.

Við uppbyggingu fyrsta hluta byggðar í Arnarnesi samþykkti byggingarnefnd Garðahrepps (22.apríl 1964) sérstaka byggingar-skilmála fyrir göturnar Mávanes og Blikanes. Samsvarandi byggingarskilmálar voru gerðir síðar fyrir götuna Súlunes (að austanverðu) og samþykktir af byggingarnefnd Garðabæjar 3.júní 1983.

Með afsölum lóða á deiliskipulagssvæðinu hafa - í langflestum tilvikum - fylgt ákvæði, þar sem vísað er til byggingarskilmálanna frá 22.apríl frá 1964. Ákvæði afsala viðkomandi lóðar hafa því gilt sem einskonar skipulagsskilmálar.

Skipulagsuppráttur af Arnarnesi var gerður af verkfræðistofunni Forverki h.f (og Teiknun s.f.) í nóvember 1976.



### **Skipulagsuppdráttur af Arnarnesi**

Verkfræðistofan Forverk h.f (og Teiknun s.f.)  
Nóvember 1976.

Eftirfarandi samþykktir um skipulagsmál á Arnarnesi voru gerðar á árunum 1961 - 1977 :

- **21.júní 1961 - Hreppsnefnd Garðahrepps (úr fundargerðarbók)**  
Tekin var til lokaafgreiðslu skipulagstillaga að Arnarnesi, vestan Hafnarfjarðarvegjar. Skipulagstillagan var samþykkt með fyrirvara um breytingar á norðurhelmingi nassins, ef heppilegt þykir að breyta þar um, áður en framkvæmdir hefjast þar.  
Uppdráttur dagsettur apríl 1961.

- **Júlí 1961 (áritun á uppdrætti, dags apríl 1961)**  
Skipulagsuppdráttur þessi (dags apríl 1961) er afgreiddur til stjórnar-ráðsins til staðfestingar.  
Reykjavík, júlí 1961
- **Júlí 1961 (áritun á uppdrætti dags apríl 1961)**  
Skipulagsuppdráttur þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr.55, 27.júní 1921 til að gilda sem samþykkt um skipulag Arnarness í Garðahreppi og birtist til leiðbeiningar og eftirbreytni öllum, er hlut eiga að máli.  
Félagsmálaráðuneytið, júlí 1961
- **8.ágúst 1963**  
Undirritun samnings milli landeigenda Arnarness og Garðahrepps.
- **22.apríl 1964 - Byggingarnefnd Garðahrepps**  
Byggingarskilmálar fyrir lóðir við göturnar Mávanes og Blikanes í Arnarnesi samþykktir.
- **15.maí 1964 – Hreppsnefnd Garðahrepps**  
Samþykkt byggingarnefndar frá 22.apríl staðfest.
- **9.maí 1977 – Skipulagsnefnd Garðabæjar, 3.fundur**  
Skipulag Arnarness. Lagður fram endurskoðaður uppdráttur Forverks h.f. (og Teiknun sf) að skipulagi Arnarness, breytingar dags.nóvember 1976.

Helzta breytingin þarna er, að raðhúsalóðum með Hafnarfjarðarvegi er breytt í litlar einbýlishúsalóðir. Fækkar

Íbúðum við þetta um 4. Nefndin samþykkti uppdráttinn fyrir sitt leyti.

- **12.maí 1977 – Bæjarstjórnin í Görðum**  
Tekin fyrir fundargerð skipulagsnefndar frá 9/5, 3/1977. Staðfest.
- **3.júní 1983 - Byggingarnefnd Garðahrepps**  
Byggingarskilmálar fyrir lóðir við götuna Súlunes (að austan-verðu) samþykktir.


Arnarnes byggðist upp að stærstum hluta í samræmi við skipulagsuppdrátt verkfræðistofunnar Forverks h.f (og Teiknunar s.f.) dagss. nóvember 1976, ákvæðum lóðarafsala og byggingarskilmálum Mávaness, Blikaness og Súlunes (að austanverðu).

**Sjá deiliskipulagsuppdrátt 001**

**Sjá VIÐAUKA III : Eldri skipulagsuppdrættir, ákvæði og skilmálar í Arnarnesi og breytingar á þeim.**

### 1.4 Stefnumörkun í aðalskipulagi

Deiliskipulag Arnarness er unnið á grundvelli gildandi stefnu í Aðalskipulagi Garðabæjar 2004-2016. Þar segir m.a. að leggja skuli áherslu á sérstöðu hverfisins, velferð þeirra sem þar búa, vandaða umhverfismótun og góð tengsl við nærliggjandi útivistarsvæði og náttúru.



**Aðalskipulag Garðabæjar 2004-2016**  
Rauður hringur tilgreinir deiliskipulagssvæðið Arnarnes.  
Sjá þó kafla 2.2



## 2. SKIPULAGSSVÆÐIÐ

### 2.1 Afmörkun, lega og aðkoma

Skipulagssvæði Arnarness afmarkast að sunnanverðu af Arnarneslæk; að austan af vesturmörkum helgunarsvæðis Hafnarfjarðarvegur og síðan bæjarmörkum við Kópavog. Að öðru leyti er nesið umlukið sjávarvogum.

Stærð svæðisins er um 36ha.


### 2.2 Landnotkun

Samkvæmt Aðalskipulagi Garðabæjar (2004-2016) - þéttbýlisuppráttur - er landnotkun á deiliskipulagssvæðinu að langstærstum hluta *íbúðasvæði*. Jafnframt er á svæðinu skilgreind *útivistarsvæði* (opin svæði til sérstakra nota) og landflákar *opinna óbyggðra svæða*.


Samhliða deiliskipulagsvinnu við Arnarness var gerð breyting á aðalskipulagi Garðabæjar (2004-2016) :

Á hluta miðsvæðis deiliskipulagssvæðisins - á háholtinu - , var skilgreind blönduð landnotkun; *þjónustustofnanir*- og *íbúðasvæði*.

Með aðaskipulagsbreytingunni er svæðið - frá Hegranesi að Æðarnesi - með blandaðri landnotkun fyrir *þjónustustofnanir* og *útivistarsvæði*/opið svæði til sérstakra nota, en svæðið frá Hegranesi að Hafnarfjarðarvegi *íbúðasvæði*.



Aðalskipulag Garðabæjar 2004-2016  
Fyrir breytingu á landnotkun miðsvæðis



Aðalskipulag Garðabæjar 2004-2016  
Eftir breytingu á landnotkun miðsvæðis

## 2.3 Eignarhald á landi

Lóðir á Arnarnesi eru í einkaeign. Í eigu bæjarsjóðs Garðabæjar eru hins vegar opin svæði, land undir götur og óbyggt miðsvæði á háholti deiliskipulagssvæðisins.

*Sjá nánar Aðalskipulag Garðabæjar 2006-2016*

## 2.4 Yfirbragð og gerð núverandi byggðar

Á deiliskipulagssvæðinu eru 186 íbúðarhúsalóðir – þar af 7 óbyggðar lóðir. Langstærstur hluti íbúðarbyggðarinnar eru einbýlishús eða 99%. Flest húsin voru reist á árunum milli 1970 -1990.

Götumyndin er sterk; lágreist hús er snúa að litlum húsagötum og grænu yfirbragði garða og gatna.

Um er að ræða mjög heilsteypt byggðarmynstur og einstakt einbýlishúsahverfi. Stórar lóðir einbýlishúsa einkenna hverfið (meðalstærð lóða er 1250m<sup>2</sup>) og húsin (meðalstærð 350m<sup>2</sup>) eru einna til tveggja hæða há (98,2%). Bílageymslur eru ýmist stakstæðar eða í tengslum við húsin.

Samkvæmt Aðalskipulagi Garðabæjar (2004 - 2016) er núv. þéttleiki byggðar á Arnarnesi 5.9 íbúðir/ha á mótí meðalþéttleika í nýjum hverfum, sem er tæplega 18.

Deiliskipulagssvæðið hefur tekið stakkaskiptum í ásýnd frá upphafi fyrstu byggðar, þar sem þéttur trjá- og runnagróður í gördum íbúa einkenna nú yfirbragð svæðisins og skera sig frá opnum svæðum þess. Mikið af þessum gróðri er komin á líftíma; úrsérvaðinn eða hættur að gegna því hlutverki sem upphaflega stóð til; til skjólmyndunar, fegrunar og / eða rýmismyndunar.

## 2.5 Nýtingarhlutfall

Nýtingarhlutfall lóða á deiliskipulagssvæðinu er allt frá 0.17 upp í 0.51 og kemur fram í skilmálatöflu í greinargerð þessari.

Meðalnýtingarhlutfall svæðisins er 0,24 (miðast við árið 2011). Í skilmálatöflu með skilmálum þessum er varðar stærðir lóða, byggingamagn og nýtingahlutfall, er stuðst við upplýsingar af gildandi mæliblöðum.

## 2.6 Sögu- og fornminjar

Fornleifastofnun Íslands hefur skráð og flokkað fornminjar innan deiliskipulagssvæðisins. (*Heimild : Fornleifaskráning í Garðabæ (Fornleifastofnun Íslands FS414-05192, Reykjavík 2009).*)

Nýverið (2014) yfirfór Antikvara allar skráðar staðsetningar og hnitasetningar. Niðurstaða þeirrar vinnu eru sýndar á deiliskipulagsupprætti sem og á skýringarmynd (*opin svæði*).

*Sjá nánar Viðauka IV*

*Sjá skýringarmynd : Opin svæði*

## 2.7 Vernduð svæði

Öll sjávarströnd Garðabæjar er á Náttúruminjaskrá, þ.m.t. strandlengja Arnarnesvogs.

Árið 2009 var “Skerjafjörður innan bæjarmarka Garðabæjar” friðlýstur sem búsvæði (skv. auglýsingu í Stjórnartíðindum B nr. 878/2009).

Meginmarkmið friðlýsingarinnar er að vernda lífríki á strönd, í fjöru og grunnsævi Skerjafjarðar. Jafnframt skal vernda útivistar- og fræðslugildi svæðisins, sem felst í auðugu lífríki og möguleikum til útivistar við ströndina.

Strandlengja Arnarness fellur undir friðlýsingu þessa og ákvæði hennar.



**Friðlýsing Skerjafjarðar**  
**Yfirlitskort**



**Við Arnarnesvög**



**Göngu – og reiðhjólástígur við Kópavog**

## 2.8 Göngu- og reiðhjólástígur

Samkvæmt gildandi Aðalskipulagi Garðabæjar (2004-2016) eru eftirfarandi stígar tilgreindir innan deiliskipulagssvæðisins :

- *Stofnstígur* - liggur frá Hafnarfjarðarvegi um Hegra- og Súlunes að sveitarmörkum Kópavogs. Stofnstígurinn er hlekkur í samfelldu stíganeti er tengir Garðabæ við nærliggjandi sveitarfélög og útivistarsvæði.
- *Útivistarleið* - meðfram strönd Arnarness. Lögum samkvæmt er almenningi heimiluð umferð um allar fjörur sveitarfélagsins, vötn og læki, þótt þar séu ekki merktir stígar sérstaklega.

Þá eru ýmsir slóðar og troðningar innan deiliskipulagssvæðisins, sem ekki hafa verið skilgreindir eða festir í skipulagi, en tengjast botnlöngum og gangstéttum aðliggjandi húsagatna.

**Sjá skýringarmynd : Stígar**

## 2.9 Útivistarsvæði og opin óbyggð svæði

Samkvæmt Aðalskipulagi Garðabæjar (2004 - 2016) - þéttbýlis-uppdráttur - eru *útivistarsvæði* (opin svæði til sérstakra nota) tvö; annars vegar efri hluti Arnarnestúns við Arnarnesvög og hins vegar opið svæði við enda Arnarness við háholtið í miðju hverfisins.

*Opin óbyggð svæði* eru neðri hluti Arnarnestúns og strandlengja Arnarness.

## 2.10 Leiksvæði

Innan deiliskipulagssvæðisins eru þrjú skilgreind leiksvæði með leiktækjum fyrir yngri börn :

- Við Haukanes – milli Haukaness og Þernuness
- Við Hegranes – hjá hljóðmön við Hafnarfjarðarveg
- Á Arnarnestúni - við enda Mávaness

Gerð þeirra og viðhald er á vegum sveitarfélagsins.



**Leiksvæði við enda Mávaness  
Horft yfir Arnarnestún**

## 2.11 Gatnakerfi

Allar götur á skipulagssvæðinu eru skilgreindar sem **húsagötur** fyrir utan götuna Arnarnes sem liggur frá Hafnarfjarðarvegi inn í hverfið og er skilgreind sem **tengibraut**.

## 2.12 Almenningsamgöngur

Núverandi meginleið almenningsvagna er á jaðri deiliskipulagssvæðis við Hafnarfjarðarveg. Biðstöðvar eru tvær; annars vegar við gatnamót Hafnarfjarðarvegur og Arnarnes og hins vegar við hljóðmön á móts við Hegranes.

Biðstöðvar skólabíls eru við götuna Arnarnes.

## 2.13 Veitur

### 2.13.1 Fráveita

Dælustöð fráveitu er staðsett við Arnarneslæk, utan deiliskipulagssvæðis. Yfirbyggður dælubrunnur er staðsettur á ströndinni á móts við Mávaness. Aðgengi viðhaldsbíla er tryggt að brunninum.

### 2.13.2 Hitaveita

Stofnlögn liggur um Hegranes upp eftir miðsvæði hverfisins.

### 2.13.3 Rafveita

Tvær spennistöðvar/dreifistöðvar OR eru staðsettar innan deiliskipulagssvæðisins; önnur við göngustíg milli Blikaness og Tjaldaness; og hin við leiksvæði milli Þernuness og Haukaness. Aðgengi viðhaldsbíla er tryggt að þeim.

#### 2.13.4 Vatnsveita

Stofnlögn liggur um Hegranes upp eftir miðsvæði hverfisins.

### 2.14 Hljóðskermun

Hljóðmön liggur meðfram Hafnarfjarðarvegi og aðgreinir byggðina við Hegra- og Súlunes frá stofnbrautinni.

Gerð hefur verið úttekt á gæði hljóðvistar á deiliskipulags-svæðinu og fylgir hún greinargerð þessari sem viðauki.

Almennt er hljóðstig í góðu lagi um mest allt Arnarnesið og nálægt því að vera viðunandi við flest hús í námunda við Hafnarfjarðarveginn. Nokkur hús eru þó illa varin og jafnvel með mjög slæmt ástand. Verst er hljóðstigið við eftirfarandi hús :

- Súlunes 26, 27 og 33
- Hegranes 7, 9, 34 og 35

**Sjá nánar Viðauka I**

## 3. DEILISKIPULAG ARNARNESS

### 3.1 Forsendur deiliskipulags

Meginforsendur deiliskipulagsins byggist á Aðalskipulagi Garða-bæjar 2004-2016, svo og þeim eldri skipulagsáætlunum og uppráttum, sem er að finna af svæðinu.

### 3.2 Markmið deiliskipulags og megininntak

Meginmarkmið deiliskipulagsins eru :

- að skipulag byggðar og umhverfis stuðli að sjálfbærri þróun, þar sem bætt lífsgæði íbúa og fjölbreytt mannlíf verði í fyrirrúmi;
- að fá fram og gera grein fyrir skipulagsskyldum viðbótum, stækkunum og breytingum húsa, lóða og opinna svæða;
- að skoða möguleika til eðlilegrar endurnýjunar bygginga á svæðinu er taki mið af heildaryfirbragði hverfisins, án þess að raska gæðum þess og réttindum íbúa;
- að afmarka byggingareiti þar sem stækkun er heimiluð og setja fram samræmda skilmála og kvaðir;
- að leggja sérstaka áherslu á umferðaröryggi og greið tengsl við nærliggjandi íbúða-, skóla- og þjónustusvæði; sérstaklega skal hugað að aðgengi fyrir alla;

- undirstrika gæði hverfisins m.a. með tilliti til aðgengis að fjöru og útvistarsvæðum svo og (bættri) hljóðvist.

Með deiliskipulaginu verði staðfest á formlegan hátt byggðamynstur hverfisins, þ.e.a.s stærðir húsa, yfirbragð og nýtingarhlutfall lóða. Einnig verði lóðarhöfum gefinn möguleiki á eðlilegri endurnýjun og endurbótum á byggingum í samræmi við yfirbragð hverfisins.

Engar kvaðir eru á eigendum að nýta sé þær breytingar sem heimilaðar eru með deiliskipulaginu, en byggingaheimild er í hverju tilviki fyrir sig háð niðurrifi eða breytingu núverandi húsnæðis og frágangi á lóð. Áhersla er lögð á vandaðan frágang bygginga, gott viðhald húsa og aukin umhverfisleg gæði hverfisins.

### 3.4 Lóðamörk

Lóðamörk á deiliskipulaguppdrætti eru í samræmi við fyrir-ligjandi samþykkt mæliblöð og er því engin breyting gerð á lóðamörkum.


### 3.5 Húsakönnun

Samkvæmt 23. gr. skipulags- og byggingarlaga 73/1997 skal gera bæja- og húsakönnun samhliða gerð deiliskipulags, sem höfð skal til hliðsjónar við gerð deiliskipulagstillögunnar. Þannig er tryggt að nægileg þekking sé til staðar til að taka upplýstar ákvarðanir um verndun, gæði byggðar og einstakra húsa og til að móta hið byggða umhverfi til framtíðar.

Í húsakönnun skal m.a. tilgreina byggingaár, hönnuð bygginga, byggingarefni, stærð, hæðafjöldi og breytingar húsa. Birta skal eina ljósmynd fyrir hvert hús.

### Sjá nánar :

*Deiliskipulag Arnarness - Húsakönnun (drög)  
Febrúar 2014.*



**Deiliskipulag Arnarness  
Uppdráttur 002**

## 4. ALMENNIR SKIPULAGSSKILMÁLAR

Þeir almennu skilmálar sem hér fara á eftir gilda að jafnaði um allar lóðir, byggingar og framkvæmdir hverfisins í tengslum við deiliskipulag þetta. Í undantekningartilfellum er vísað til skil-málatöflu og kafla 5 um sérákvæði skipulagsskilmála í greinargerð þessari.

### 4.1 Hönnun mannvirkja og uppdrættir

Lögð er rík áhersla á mikilvægi þess, að undirbúningur, hönnun og framkvæmdir við ný og/eða endurbætt mannvirki taki mið af núverandi byggðamynstri og nálægð þeirra við viðkvæmt og gróið umhverfi.

Aðaluppdrættir (byggingarnefndarteikningar) skulu vera í samræmi við gildandi lög og reglugerðir um skipulags- og byggingarmál. Á aðaluppdráttum skal m.a. sýna bílageymslu, veggj á lóð (þ.m.t. steypa garðveggi, stoðveggi og skjólveggi), smáhýsi, sorpgeymslur, skipulag lóðar í aðalatriðum, hæðartölur á landi við hús og á lóðarmörkum og annað það sem máli skiptir fyrir útlit og fyrirkomulag mannvirkja á lóð.

Húsagerðir eru frjálssar að öðru leyti en því sem mæliblöð, hæðarblöð, skipulagsskilmálar þessir, gildandi skipulags- og byggingareglugerðir og aðrar reglugerðir segja til um.

Íbúðir einbýlis- og/eða parhúsa, skulu ávallt vera óskiptar eignir ásamt tilheyrandi bílastæði í bílskýli eða bílageymslu.

### 4.2 Mæli- og hæðarblöð

Mæliblöð sem þegar hafa verið gefin út af lóðum innan deiliskipulagssvæðisins verða áfram í gildi.


*Mæliblöð* skulu ávalt sýna stærðir lóða, lóðamörk, byggingarreiti húsa og bílageymsla, fjölda bílastæða á lóð og kvaðir ef einhverjar eru. Allir hlutar húss skulu standa innan byggingarreits, eins og hann er sýndur á mæliblaði fyrir hverja lóð fyrir sig.

Hæðarblöð hafa ekki verið gefin út á deiliskipulagssvæðinu, en skulu fylgja fyrirskrifuðum reglum þegar/ef gefin verða út. Hæðarblöð skulu sýna gangstéttahæðir og götuhæðir við lóðarmörk (G), sem er sama og lóðarhæð á þessum mörkum. Þau skulu sýna lóðarhæðir á lóðamörkum baklóðar (L), ásamt gólfhæð þess hluta húss, sem snýr að götu (H). Hæðarblöð skulu einnig sýna staðsetningu og hæð á frárennslis- og vatnslögnum, sem og kvaðir um inntök veitustofnana.

Alltaf skal miða við aðalhæð = 1.hæð húss þegar kótar húss og lands eru samstilltir. Í deiliskipulagi Arnarness skal hæð gólfplötu vera sem hér segir : Gólfplata aðalhæðar/1.hæðar húss skal samlagast hæð á landi sem mest. Gólfplata aðalhæðar/1.hæðar má þó aldrei vera meiri en 0,20-0,40m yfir meðalhæð götu við lóðarmörk. Í þeim hluta húss, er fjærst er frá götu, má leyfa lægri plötuhæð en að ofan getur og jafnvel að sá hluti hússins sé tvílyftur, gefi jarðvegshæð á lóð greinilega tilefni til slíks, enda breyti það engu um áður nefnda plötuhæð.



Leyfa má bílageymslu undir húsi gefi jarðvegshæð greinilega tilefni til slíks. Plötuhæðir skulu ávallt sýndar á teikningum er fylgja byggingaleyfisumsókn.



#### Hæðir húsa - dæmigerð sneiðing

*Sjá nánar ofangreinda sneiðingu - í stærri mælikvarða - aftar í skilmálum þessum.*

### 4.3 Byggingarreitir

Byggingarreitur er sýndur á deiliskipulagsupprætti fyrir hverja skilgreinda lóð á deiliskipulagssvæðinu. Skulu allir hlutar byggingar standa innan skilgreinds byggingarreits, þ.m.t. kjallari, bílageymsla, útbyggingar (s.s. svalir, anddyri, útistigar) og þakskegg bygginga. Um veggj utan byggingarreits gilda ákvæði byggingarreglugerðar.

Byggingarreitir eru táknaðir með brotnum línum, sem tákna ystu mörk byggingar og lágmarks fjarlægð frá lóðarmörkum. Byggingarlínur að götu eru bindandi. Frávik frá bindandi byggingarlínu að götu eru þó leyfð í þeim tilvikum þar sem eldra hús er rífið og annað byggt í staðinn. Þá má allt að ¼ hluti byggingarlínu við götu vera brotin lína, en ¾ hluti skal vera áfram bindandi byggingarlína.

Heildarflötur bygginga á lóð, þ.m.t. rými neðanjarðar, má ekki fara út fyrir fyrirskrifað hámarksnýtingarhlutfall viðkomandi lóðar. B-rými

teljast með við útreikning nýtingarhlutfalls. Rými undir þakskyggni teljast ekki til B-rýma. Sjá einnig grein 4.8.

Heitir pottar skulu ávalt staðsettir innan tilgreinds byggingarreits viðkomandi lóðar

### 4.4 Smáhýsi á lóð

Smáhýsi á lóð (s.s gróðurhús, verkfæra- og útigeymslur) - allt að 6m<sup>2</sup> að stærð - má byggja utan við skilgreindan byggingarreit, þó aldrei nær lóðarmörkum en 3m. Hámarksveggshæð er 1,8m og mænishæð 2,2m. Aðeins má byggja eitt smáhýsi á hverri lóð. Um smáhýsi á lóð gilda samþykktir Garðabæjar hverju sinni.

### 4.5 Sorpgeymsla

Lokuð sorpgeymsla skal vera götumegin húsa og sem næst götu. Skal hún greinilega sýnd á byggingarnefndarteikningum. Frágangur sorpgeymslu skal vera með þeim hætti, að hún sé aðgengileg vegna sorphirðu en sem minnst áberandi. Skal frágangi hennar lokið samhliða byggingu viðkomandi húss.

Sorpgeymslur skulu að öðru leyti vera í samræmi við 84.gr. byggingarreglugerðar og taka mið af rýmisþörf hverju sinni.

### 4.6 Bílastæði og bílageymslur

Á lóðum einbýlishúsa skal koma fyrir þremur bílastæðum við hvert hús.

Bílastæði skulu ekki vera styttri en 7m framan við bílageymslur, en 5m að öðrum kosti. Staðsetning bílastæða inni á lóð skal aldrei vera nær lóðamörkum næstu lóðar við hliðina en 1.5 m.

Á lóðum einbýlishúsa skal gera ráð fyrir bílageymslu fyrir einn eða tvo bíla.

Akstursniðurkeyrslur (skábrautir) í bílageymslur eru óheimilar.

Bílastæði við götu eru til almennra nota.

#### 4.7 Húsagerðir

Á hverri lóð skal reisa eitt íbúðarhús ásamt bílaageymslu. Sú meginregla gildir, að hús skuli vera einnar hæðar. Kjallarar (að hluta eða öllu leyti) eru þó heimilaðir þar sem lega lands og frárennsli lagna leyfir. Lóðareigandi skal kosta sjálfur fráveitu frá kjallararýmum liggja þau neðar en fráveitulagnir Garðabæjar.

Húsagerðir eru frjálssar að öðru leyti en því sem mæliblöð, hæðarblöð, skipulagsskilmálar þessir og skýringarmyndir segja til um. Við hönnun húsa skal gæta þess að nýta landkosti á lóð sem best og fella byggingar vel að landi.

#### Hæð húsa

Hámarks hæð húss er reiknuð frá uppgefnum gólfkóta aðalhæðar = 1.hæðar. Með einnar hæðar húsi er átt við að aðalhæð hússins/ 1.hæð sé allt að 4m há.

**Sjá nánar grein 4.2 : Mæli- og hæðarblöð**

#### Þakgerðir / rishæð þaks

Rishæð þaks má eigi vera meira en 1m. Heimilt er að staðsetja byggingarhluta sem óhjákvæmilega ná upp fyrir þak svo sem þakglugga og loftháfa að því marki sem nauðsynlegt er.

**Sjá nánar skýringarmynd : Hæðir húsa – dæmigerð sneiðing.**

#### 4.8 Nýtingarhlutfall

Nýtingarhlutfall er hlutfall milli brúttóflatarmáls húss og lóðarstærðar ( $m^2$  húss/ $m^2$  lóðar). Skilgreining brúttóflatarmáls samkvæmt íslenskum staðli ÍST 50 : Rými undir þakskygnum allt að 2 metrum að dýpt skal ekki reikna sem B-rými.

Hámarks nýtingarhlutfall og hámarks flatamál húsa kemur fram í **skilmálatöflu**.

- *Kjallarar bygginga og gluggalaus rými neðanjarðar teljast með í nýtingarhlutfalli.*
- *Bílageymslur teljast með í nýtingarhlutfalli.*
- *Smáhýsi á lóð (svo sem garðhús, gróðurhús eða útigeyslur) teljast ekki með í nýtingarhlutfalli.*

Deiliskipulaginu er ætlað að marka stefnu skipulagsyfirvalda um yfirbragð byggðar í Arnarnesi m.t.t. þeirrar byggðar sem fyrir er og hagsmuna húseigenda.

Í deiliskipulagi Arnarness eru eftirfarandi viðmið sett :

Nýtingarhlutfall á hverri lóð má vera allt að **0.45\***. Þó skal byggður flötur hússins aldrei verða meira en 35% af flatarmáli lóðar.

Með 35% byggðum fleti er átt við þann hluta lóðar sem byggður er **án** tillit til hæðar húss eða kjallararýma. Skiptir þar ekki máli hvort um er að ræða eina eða tvær íbúðir (í einu húsi) á lóð. Heildarflötur byggingar á lóð má aldrei fara út fyrir fyrirskrifað hámarksnýtingarhlutfall viðkomandi lóðar.

Þegar ný hús eru reist í stað eldri húsa gildir talan um hámarksnýtingarhlutfall sem sýnt er í **skilmálatöflu** með greinargerð þessari.


Sé nýtingarhlutfall núverandi húsa meira en 0.45 (*sbr. skilmálatöflu*), er ekki leyfð frekari uppbygging á viðkomandi lóð.

Ákvæði nýtingarhlutfalls í deiliskipulagi þessu (Arnarness) gildir hins vegar, ef viðkomandi hús er rífið og nýtt byggt í þess stað.

\*



Undantekning eru raðhúsaloðirnar við Hegranes 1-3, en þar er nýtingarhlutfall 0,45-0,50.

*Sjá nánar kafla 5 sérákvæði skipulagsskilmála og skilmálatöflu.*



**Nýtingarhlutfall (0.45) og 35% byggður flötur**  
- *dæmigerð skýringarmynd*

*Sjá nánar ofangreinda skýringarmynd - í stærri mælikvarða - aftur í skilmálum þessum.*



**DÆMIGERÐ MYND NÝTINGARHLUTFALLS**  
*Efri myndin sýnir núverandi nýtingahlutfall þriggja lóða*  
*Neðri myndin sýnir 0.45 % hámarks nýtingarhlutfall sömu lóða*

#### 4.9 Nýbyggingar / viðbyggingar

Öll ný hús og viðbyggingar húsa á deiliskipulagssvæðinu skulu vera í samræmi við þá skilmála sem hér er lýst.

Þar sem nýtt hús er byggt í stað eldra húss skal eldra hús ekki rífið fyrir en samþykktar bygginganefndarteikningar liggja fyrir.

#### 4.10 Niðurrif húsa og annarra mannvirkja

Séu hús rifin og ný byggð í þeirra stað skulu sett tímamörk um alla framkvæmdina að hálfu sveitarfélagsins. Þar skal m.a. koma fram að óheimilt sé að nota götustæði fyrir byggingarefni, byggingartæki eða vinnuskúra og að ítrustu snyrtimennsku skuli gætt í hvívetna.

Viðkomandi lóðarhafi skal leggja fram tímaáætlun verksins til byggingarfulltúra Garðabæjar, sem og starfsleyfi frá heilbrigðisfulltúra. Byggingarfulltrúa er falið að veita aðhald með framkvæmdum. Niðurrif húss skal ekki taka lengri tíma en 3 mánuði.

Þegar byggingarfulltrúi hefur samþykkt niðurrif húss skal nágrönnum tilkynnt um samþykktina og skilyrði hennar, m.a. um tímaáætlun.

Samkvæmt grein 2.3.1. í gildandi byggingarreglugerð (nr.112/2012) skal sækja um byggingarleyfi þegar áformað er að rífa niðurbýggingu. Um niðurrif eiga við ákvæði reglugerðar um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun nr. 785/1999, gr.17.1 og liður 10.8 í fylgiskjali 2.

#### 4.11 Óbyggðar lóðir

Skipulagskilmálar er fylgja deiliskipulagi þessu (Arnarnesi) eiga einnig við um allar óbyggðar lóðir á deiliskipulagssvæðinu.

#### 4.12 Frágangur lóða

Lóðarteikningar skulu lagðar fyrir byggingarnefnd samhliða byggingarnefndarteikningum.

Á lóðarteikingum skal gera grein fyrir fyrirhuguðum yfirborðs-frágangi, s.s staðsetningu bílastæða, frágangi á lóðarmörkum og gróður - og grassvæðum. Tilgreina skal tegundaval trjágróðurs þar sem það á við.

Allflestar lóðir eru á deiliskipulagssvæðinu eru í hallandi landi og skal við frágang á þeim sérstaklega tekið tillit til nærliggjandi lóða.

Þar sem lóðir liggja að götu, stíg eða að óbyggðu svæði skal lóðarhafi sjá um og kosta frágang kanta. Sé hæðarmismunur á milli lóða, skal sú regla gilda um frágang kanta, að lóðarhafi hærri lóðar sjái um frágang kanta á lóðarmörkum, nema lóðarhafar semji um annað. Hæðarmismunur eyðist inn á hærri lóð. Skal þá miðað við halla í óhreyfðu landi eða hæðarkóta á skipulagsuppráttum.

Ef lóðarhafi lækkar lóð sína, skal hann að sjálfsögðu sjá um alla þá kanta sem við það myndast. Þar sem hæðarmunur er milli götu og lóðar, skal lóðarhafi gera stoðmúr eða fláa að lóðarmörkum, áður en gengið er frá götunni og hafa um það samráð við byggingarfulltrúa Garðabæjar. Fláar sem verða til á lóðarmörkum skulu þannig útfærðir að minnsta fjarlægð frá þeim í lóðarmörk verði 1m.

Lóðarhafi sér sjálfur um framkvæmdir og frágang á lóð sinni og ber ábyrgð á að þær séu í samræmi við samþykktar hæðartölur. Þeir sem þurfa að víkja frá þessum hæðum taki á sig stalla/fláa eða vegg innan sinnar lóðar og á sinn kostnað.

Verði ágreiningur um frágang á sameiginlegum lóðarmörkum skal hlíta úrskurði byggingarnefndar Garðabæjar í því máli. Ekki er heimilt að ryðja eða moka jarðvegi út fyrir lóðarmörk. Óheimilt er að nota nema eigin lóð sem vinnusvæði. Uppgröftur, byggingarefni eð annað sem að byggingaframkvæmd lýtur verður fjarlæggt á kostnað lóðarhafa, ef út af er brugðið.

Lóðarhafa ber að virða uppgefinn lóðarmörk á mæliblöðum. Ekki er því heimilt að fósra land utan tilgreindra lóðarmarka. Að öðru leyti skal viðkomandi bera kostnað af að færa svæðið aftur í fyrra horf ella hljóta sekt sem ákveðinn skal að byggingarfulltrúa Garðabæjar

#### 4.13 Girðingar, skjól- og stoðveggir

Með girðingu er átt við girðingu eða skjólvegg úr léttu byggingarefni svo sem timbri, málm eða gleri á traustum undirstöðum. Með skjólvegg er átt við girðingu eða skjólvegg úr steinsteypu eða hlöðnum steinum. Stoðveggur er veggur eða sá hluti veggjar sem er hluti af landlagsmótun á lóð og er fyrir neðan yfirborð ómótaðrar lóðar.

Ekki er heimilt að reisa girðingu eða vegg á lóðarmörkum, nema með samþykki beggja lóðarhafa og að fengnu samþykki byggingarfulltrúa Garðabæjar. Hámarkshæð girðinga og veggja á lóð er 1,80m. Hámarkshæð veggja og girðinga að lóðarmörkum að opnum svæðum eða stígum er 1,5m og að götu

0,75m. Miðast þetta við þær hæðir sem stuðst hefur verið við í sveitarfélaginu Garðabæ. Hámarkshæð veggja og girðinga er mæld frá jarðvegshæð við girðingu eða vegg en frá hæð lóðar á lóðarmörkum ef jarðvegshæð er hærri.

Vanda skal sérstaklega útlit allra girðinga, skjól- og stoðveggja, þannig að þeir myndi eina sjónræna heild við viðkomandi hús og stangi ekki í stúf við umhverfisleg gæði hverfisins. Sýna skal útlit girðinga, skjól- og stoðveggja, sem og frágang þeirra á byggingarnefndarteikningum.

Að öðru leyti er vísað til greinar 7.2.3. í byggingarreglugerð (nr.112/2012) þar sem kveðið er á um girðingar lóða.

#### 4.14 Kvaðir

Kvaðir eru tilgreindar í skilmálatöflu fyrir viðkomandi lóð eða svæðis og sýndar á deiliskipulagsupprætti. Kvaðir á gildandi mæliblöðum halda – nema annað sé tekið fram – t.d. vegna úreldingar.

Með kvöðum um lagnir á lóðum fylgir kvöð um *aðgengi* viðkomandi lóðar vegna viðhalds lagna og endurnýjunar ef svo ber undir.

Kvaðir um *umferð* að lóðum eiga eingöngu við umferð að viðkomandi lóðum og ekki ætluð almennri umferð. Er þá átt við umferð farartækja að bílastæðum innan viðkomandi lóðar og eftir atvikum umferð sérbíla s.s sorpbíla. eða vegna aðkomu að aðliggjandi lóðum vegna umhirðu - eingöngu og tímabundið -.

#### 4.15 Framkvæmdartími – tímamörk

Bygging húss skal hafin eigi síðar en einu ári eftir að leyfi er veitt til framkvæmda og skal að fullu lokð eigi síðar en 1.5 ári eftir að byggingarframkvæmdir hefjast.

Þar sem um byggingu húss er að ræða í grónu hverfi er krafa um að lóð skal vera að fullu frágengin eigi síðar en 3 árum eftir að byggingaframkvæmdum er lokið.

Sveitarfélagið áskilur sér rétt til að láta ljúka þessum framkvæmdum á kostnað lóðarhafa, verði ekki staðið við skilmála þessa.

#### 4.16 Atvinnustarfssemi á íbúðarhúsalóðum

Deiliskipulagssvæðið er skilgreint sem íbúðarbyggð. Öll atvinnustarfssemi og rekstur, sem leiðir af sér umferðaraukningu um húsagötur eða ónæði er óheimil, nema með samþykki bæjarstjórnar.

#### 4.17 Raðhúsaeyningar við Hegranes 1- 3

Á óbyggðri lóð efst í Hegranesi (1-3) er gert ráð fyrir fjórum lóðum fyrir 4 raðhúsaeyningar. Á hverri lóð er byggingarreitur fyrir 3 einingar; samtals 12 íbúðir, en aðeins er gert ráð fyrir einni íbúð í hverri einingu. Hver eining hefur sinn sérnotahlut.

Raðhúsin eru allt að tveimur hæðum. Aðkoma er frá Hegranesi með viðeigandi kvöðum um aðgengi og umferð.

Við hönnun húsa skal gæta þess að nýta landkosti á lóð sem best og fella byggingar vel að landi. Lögð er rík áhersla á góðan undirbúning framkvæmda, gæði hönnunar og frágang lóðar. Þá er undirstrikuð mikilvægi staðsetninga húsanna og núverandi byggðarmynstur hverfisins.

Garðabær mun setja almenna úthlutunarskilmála þar sem kveðið er á um tímamörk fyrir skil á teikningum, byggingarfresti o.fl. Garðabær mun gefa út mæliblöð á grundvelli deiliskipulagsins, þar sem lóðamörk og byggingarreitir verða málsettir og gefnir upp kótar fyrir gólfplötu 1.hæðar ásamt hæðarkótum á lóðarmörkum.

*Sjá nánar sérákvæði skilmála í kafla 5.*

#### 4.18 Nýtt útivistarsvæði til almannaþarfa

Í deiliskipulagi þessu er lagt til að hluti miðsvæðis á háholti Arnarness verði nú skilgreint sem útivistarsvæði til almannaþarfa t.d. sem almenningagarður.

Við útfærslu svæðisins í heild sinni skal taka tillit til þeirra menningar- og búsetuminja sem til staðar eru sbr. 22.gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Jafnframt skal leitast við að nýta þann möguleika sem minjarnar gefa til tengingar sögu við útivist. Í því sambandi má nefna Wegener-steinstöpulinn, sem reistur var 1930 af þýska jarðvísindamanninum Alfred Wegener. Þessi stöpull nýtur hverfisverndar í aðalskipulagi og er á skrá í fornleifaskráningu Garðabæjar. Einnig Sakamannadys frá 1582 kennd við annan þjóðverja Hinrik Kühles.

Lagt er til að um 1.5m breiður göngustígur (tengistígur), verði lagður frá steinstöpli Wegener um miðbik svæðisins og inn eftir háholtinu. Gert er ráð fyrir lágri lýsingu á stígnum. Við val á ljósa-pollum skal taka mið af yfirbragði svæðisins. Hæð þeirra skal ekki vera meiri en 1 metri. Lýsingin skal takmörkuð við 180°; hún skal lýsa niður og frá byggð.

Til að auðvelda gestum aðgengi að svæðinu í heild sinni, er gert ráð fyrir um 5 - 7 almennum bílastæðum við Hegranes í námunda við

Wegener-stöpulinn. Stígurinn skal ekki liggja nær skráðum fornminjum en 15 metra. Taka skal tillit til staðháttu við endanlega útfærslu og hönnun svæðisins t.d. hvað varðar breidd stíga, yfirborðs- og efnisval, bílastæði, aðgangs viðhaldsbíla, lýsingu og gróðuruppbyggingu.

Ef útfærsla almenningagarðs sem minjagarðs verður á þann veg að gera skuli ráð fyrir byggingu fyrir sýningar eða kennslu þá skal með deiliskipulagsbreytingu skilgreina byggingarreit. Til þess að halda þeim möguleika opnum gerir tillaga að breytingu aðalskipulags ráð fyrir því að svæðið sé einnig skilgreint fyrir þjónustustofnanir í bland við opið svæði til sérstakra nota.

Gerð útivistarsvæðisins og viðhald þess verður á vegum Garðabæjar.



*Steinstöpull Alfred Wegener*

#### 4.19 Ræktun á opnum svæðum / óhreyfðu landi

Ekki er gert ráð fyrir skipulagðri skógrækt, á friðlýstum eða opnum svæðum deiliskipulagssvæðisins. Ekki heldur er gert ráð fyrir matjurta- og skólagörðum. Halda skal sérkennum þessara svæða; þ.m.t. kennileitum, lífríki, jarðmyndunum og menningarsögulegu landslagi.

Skipulögð ræktunar- og gróðuruppbygging er hins vegar heimil í tengslum við leik- og útivistarsvæði hverfisins, sem og hluti af frekari hljóðvörn. Þau svæði verða útfærð nánar, en gerð þeirra og viðhald verður á vegum Garðabæjar.

Þar sem nauðsynlegt reynist að byggja upp hljóðmanir eða hljódmúra, skal þess sérstaklega gætt að formun þeirra og frágangur allur falli sem best að umhverfinu hverju sinni og gróðurþekja þeirra taki mið af landslagi og staðháttum.

Mikilvægt er að gróður sé ávalt valinn með tilliti til landgæða og umhverfis og tengist með eðlilegum hætti því landi sem skal standa óhreyft og verndað.

#### 4.20 Gróður - útsýni – umhverfisgæði

Ákvæði um verndun útsýnis var hluti upphaflegra skilmála við uppbyggingu Arnarness.

Í deiliskipulagi þessu (Arnarness) skulu húseigendur kappkosta að byrgja ekki útsýni hvor fyrir öðrum t.d. með útplöntun hárra trjátegunda eða staðsetningu skjólveggja.

##### *Nýr gróður*

Ekki verður heimilt að planta öspum eða grenitrjám í görðum íbúðarhúsa innan deiliskipulagssvæðisins.

Trjágróður skal ekki fara upp fyrir mænishæð bygginga. Lögð er áhersla á gróðursetningu lágvaxinna trjáa svo sem ilmbjörk (birki), selju og hegg, sem og útplöntun á stökum lykiltrjám í görðum, t.d. hinum ýmsu reyniviðartegundum (ilmreynir, silfur-reynir, skrautreynir, alpareynir), gráöl og hlyn. Þá má einnig nefna ýmiss ávaxtatré, s.s. epla- og kirsuberjatré. Sérstaklega er mælt með útplöntun á runnagróðri (mesta hæð 1.8m) og klipptum limgerðum á lóðarmörkum.

Að öðru leyti skal fylgja ákvæðum byggingarreglugerðar (nr.112/1212, gr.7.2.2.) varðandi hæð trjágróðurs, en þar segir m.a :

*“Ekki má planta hávöxnum trjátegundum nær lóðamörkum aðliggjandi lóða en 4,00m. Við staðsetningu trjáa á lóð sem ætlað er að vaxi frjáls skal taka tillit til skuggavarps á viðkomandi lóð og nágrennalóðum. Sé trjám plantað við lóðamörk samliggjandi lóða skal hæð þeirra ekki verða meiri en 1,80 m, nema lóðarhafar beggja lóða séu sammála um annað. Ef lóðamörk liggja að götu, gangstíg eða opnu svæði má trjágróður ná meiri hæð, enda komi til samþykki veghaldara eða umráðaaðila viðkomandi svæðis.”*

#### 4.21 Göngu- og reiðhjólástígar

Eitt af markmiðum deiliskipulagsins er áhersla á greið tengsl við nærliggjandi íbúðar -, skóla og þjónustusvæði. Sérstaklega skal hugað að aðgengi fyrir alla.

Með þetta að leiðarljósi hefur núverandi stígakerfi svæðisins verði styrkt til muna; núverandi slóðar á deiliskipulagssvæðinu skilgreindir og flokkaðir sem hluti af stígakerfi.



*Stofnstígur* : Stofnstígur um Hegranes/Súlunss hefur verið færður í nýja legu, meðfram Hafnarfjarðarvegi – innan við hljóvarnir. Með nýrri legu á stígnum er leitast við að létta á umferð um húsagöturnar; öryggi íbúa og annarra vegfarenda er aukið.

Við nánari útfærslu á stofnstígnum verður m.a. lögð áhersla á :

- *öryggi gangandi og hjólandi vegfaranda;*
- *bætta hljóðvist;*
- *að ekki verði raskað þeim gróðri sem eru innan lóðarmarka viðkomandi lóðar;*
- *að friðhelgi nærliggjandi íbúðalóða verði virt eins og kostur er.*

Gert er ráð fyrir undirgögnum – fyrir hjólandi og gangandi vegfarendur – við Arnarnesveginn.

#### *Nýir tengistígar :*

Gert er ráð fyrir *tveimur* nýjum tengistígum á deiliskipulagssvæðinu. Tveir þeirra styrkja stígatengsl milli strandhluta deiliskipulagssvæðisins; annars vegar suðurströndina við norðurhluta Arnarness með stíg frá Arnarneslæk um Arnarnestún og þaðan þvert yfir háholtið að Þernunesi; og hins vegar um mitt háholtið - eftir nýjum almenningsgarði - frá austri til vesturs.

#### *Sjá nánar Viðauka I :*

#### *Hljóðvörn - dæmigerðar sneiðingar*

#### *Útivistarleið*

Útivistarleið liggur eftir strandlengjunni í samræmi við gildandi Aðalskipulag Garðabæjar 2004-2016 og skal hún vera án allra hindrana, s.s girðinga, hliða eða stórgrýtis.

#### *Aðgengi fyrir alla*

Aðgengi fyrir alla er tryggt að fjöru Arnarness á a.m.k. þremur stöðum á ytra hluta deiliskipulagssvæðisins, en þar verður komið upp litlum áfangastöðum, fyrir íbúa og gestir þeirra.

Áningastaðir þessir skulu vera einfaldir í sniðum og efnisvali og aðlagðir að því umhverfi og þeim staðhættum sem einkennir hvert svæði fyrir sig. Sérstaklega skal vandað við val á útigögnum, þ.m.t. merkingum. Gæta skal að hæðarafstöðu áningastaða og afskermum þeirra gagnvart aðliggjandi lóðum, m.a. til að raska ekki friðsæld íbúa.

Ráðstafanir verða gerðar að sérbílur, t.d. vegna viðhalds, eigi auðveldan og greiðan aðgang að viðkomandi svæðum.

Stígar og áningastaðirnir verða hannaðir og útfærðir nánar, en gerð þeirra og viðhald verður á vegum Garðabæjar.

#### *Sjá nánar skýringarmynd : Stígar*

#### **4.22 Gildistaka**

Við gildistöku deiliskipulags þessa falla úr gildi eldri skipulagasáætlanir og skilmálar sem gilt hafa um einstaka hluta deiliskipulagssvæðisins.

## 5. SÉRÁKVÆÐI SKIPULAGSSKILMÁLA

### Hegranes 1-3

#### 5.1 Almenn

Hér er lýst sérákvæðum skilmála fyrir 4 nýjar raðhúsaloðir við Hegranes 1-3, hver þeirra með 3 einingum (1a-b-c/d-e-f og 3a-b-c/d-e-f) og sérnotahluta.

Allir **almennir skipulagsskilmálar** í greinargerð þessari, eiga einnig við um lóðina Hegranes 1-3 og þau hús sem þar munu rísa.

#### 5.2 Raðhús

Um er að ræða fjórar einingar af raðhúsum – hver þeirra með 3 húsum (samtals 12 raðhús) – á fjórum byggingarreitum á fjórum misstórum lóðum.

Dags. 21. október 2005

SKIPULAGSVINNA: EINAR INGIMARSSON ARKITEKT, LYNGHÁLSI 3, 110 REYKJAVÍK  
 GRUNNUR: LOFTMYNDUR 2004, MYNDATAKAL LOFTMYNDER BHK, LAUGAVEGI 11, 101 REYKJAVÍK



Fyrir breytingu 1:1000







Eftir breytingu 1:1000



Hluti af AðalSKIPULAGI Garðabæjar 2004-2016

Deiliskipulag fyrir Árnæs var samþykkt 21. júní 1961.

**Skýringar**

-  svæði deiliskipulagsbreytingar
-  mörk byggingarreiðs skv. elds skipulagi
-  ný mörk byggingarreiðs
-  bílastæði á 168


**Breyting:**

Mörk byggingarreiðs breytast.

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.á.br.. Breytingin var samþykkt í skipulagsnefnd Garðabæjar þ. 12. júlí 2006 og í bæjarráði Garðabæjar þ. 18. júlí 2006.

Tillegan var granndarkynnt frá 2. júní 2006 með aþingarsendafræsti til 30. júní 2006.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 16. maí 2007.


*Gunnar Þinn*  


Bæjarráðgjafi tekur að sér að búa þáð tón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

**TJALDANES 8, GARÐABÆ**  
**BREYTING Á DEILISKIPULAGI**

DEILISKIPULAGIÐ ER ÁBYRGISLAUS Á BÆTTI, LYNGRÁÐI 5, 114 BREYGLAVE  
 Þág. 07. apríl 2007






Fyrir breytingu 1:1000







Eftir breytingu 1:1000



Hluti af AðalSKIPULAGI Garðabæjar 2004-2016

Deiliskipulag fyrir Arnarnes var samþykkt 21. júní 1961.

**Skýringar**

-  svæði deiliskipulagsbreytingar
-  mörk byggingarreits skv. eldra skipulagi
-  ný mörk byggingarreits
-  blástæði á 168


**Breyting:**

Mörk byggingarreits breytast.

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.. Breytingin var samþykkt í skipulagsnefnd Garðabæjar þ. 12. maí 2006 og í bæjarstjórn Garðabæjar þ. 25. júlí 2006.

Tillagan var gremdarþykmt frá 31. mars 2007 með athugasemdafrésti til 20. apríl 2007.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 20. júní 2007.






Bæjarstjórn tekur að sér að þessa þingunni sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.





Fyrir breytingu 1:1000



Eftir breytingu 1:1000



Hluti af Aðalskipulagi Garðabæjar 2004-2016

Deiliskipulag fyrir Arnarnes var samþykkt 21. júní 1961.

#### Skýringar

-  svæði deiliskipulagsbreytingar
-  mörk byggingarreits skv. eldra skipulagi
-  ný mörk byggingarreits
-  bílastæði á lóð

#### Breyting:

Mörk byggingarreits breytast.  
Stækkun byggingarreits gildir aðeins fyrir neðri hæð.


Deiliskipulagsbreyting þessi hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.. Breytingin var samþykkt í skipulagsnefnd Garðabæjar þ. 28. febrúar 2007 og í bæjarstjórn Garðabæjar þ. 12. apríl 2007.

Tillagan var grenndarkynnt frá 16. apríl 2007 með athugasemdafresti til 14. maí 2007.


Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_ 2007.

Bæjarstjórn tekur að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.





Fyrir breytingu 1:1000



Eftir breytingu 1:1000



HLUTI AF AÐALKIPULAGI GARÐABÆJAR 2004-2016

Deiliskipulag fyrir Arnarnes var samþykkt 21. júní 1961.

**Skýringar**

- svæði deiliskipulagsbreytingar
- mörk byggingarreits skv. eldra skipulagi
- ný mörk byggingarreits
- bílastæði á 165

**Breyting:**

Mörk byggingarreits breytast. Stækkun byggingarreits gildir aðeins fyrir neðri hæð.

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.. Breytingin var samþykkt í skipulagsnefnd Garðabæjar þ. 8. nóv. 2006 og í bæjartjórn Garðabæjar þ. 7. des. 2006.

Tillagan var gremdarþykkt frá 15. mars 2007 með stugasemdafrösti til 13. apríl 2007.

Anglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 24.9. 2007.

*[Handwritten signature]*




Bæjartjórn tekur að sér að bera þá ábyrgð sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.




1:5000

**PERNUNES 6, GARÐABÆ  
BREYTING Á DEILISKIPULAGI**

DEILISKIPULAGIÐ: HÍÐAR DRÖGMAKAROFN ANKRETT, LYONHÁLSI 3, 110 REYKJAVÍK  
Dagp. 24. apríl 2007



Fyrir breytingu 1:1000







Eftir breytingu 1:1000



Hluti af Aðalskipulagi Garðabæjar 2004-2016

Deiliskipulag fyrir Arnarnes var samþykkt 21. júní 1961.

**Skýringar**

-  svæði deiliskipulagsbreytingar
-  mörk byggingarreiða  
akv. eldra skipulagi
-  mörk einkasafnotahluta á l66
-  bílastæði á l66



1:5000

**Greinargerð:**



Skipulagsáskilmálar fyrir l66ir í Sólunesi eru ákvæði í aðlöðum fyrir l66irnar. Viðkomandi mælibl66 teljast einnig hluti af deiliskipulaginu.

Breyting á deiliskipulagi nær til l66arinnar Sólunes 29 og gerir r66 fyrir eftirfarandi:

- Heimilt er að í húsi á l66inni verði tvær sjálfstæðar íbúðir, Sólunes 29a og Sólunes 29b.
- G66 aðkoma skal vera að báðum íbúðum.
- Gera skal r66 fyrir bílageymslu fyrir a.m.k. einn bíl fyrir hvora íbúð.
- Gera skal r66 fyrir a.m.k. tveimur bílastæðum á l66 fyrir hvora íbúð.
- Gera skal eignaskiptisfyrirsögu um skiptingu l66ar.
- Á mælibl66i skal sýna sérnotafleti á l66, sem eiga sér stoð í eignaskiptisfyrirsögu.

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur fengið meðferð í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br..

Breytingin var samþykkt í skipulagsnefnd Garðabæjar þ. 23. apríl 2008 og í bæjarstjórn Garðabæjar þ. 15. maí 2008.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 6. ágúst 2008.

ARNARNES, GARÐABÆ  
 SÓLUNES 29  
 BREYTING Á DEILISKIPULAGI



SEKJULAGSVEFUR: HENK DÖNNASSON ARCHITECT, LYONHÁLS 5, 110 REYKJAVÍK  
 Daga. 30. júní. 2007





## DEILISKIPULAG ARNARNESS Í GARDABÆ

### DEILISKIPULAGSBREYTING – óveruleg

#### Bernunes 1

Deiliskipulag í Arnarnesi er frá árinu 1961, teiknað á teiknistofu Skipulagsins. Skipulagsskilmálar fyrir Bernunes 1 eru skilgreindir í upphaflegu afsali lóðarinnar. Þeir skilmálar eru áftam í gildi. Eftirfarandi breyting er hér með gerð á grein 3. í skipulagsskilmálum fyrir lóðina Bernunes 1:

#### Grein 3 fyrir breytingu:

Ekki má byggja nema eitt íbúðarhús á lóðinni og sé aðeins ein hæð, sem má vera á kjallara, gefi jarðvegshæð á lóðinni greinilega tilfni til þess. Um gerð húsa fer eftir byggingarskilmálum sem settir eru af byggingarnefnd Gardahrepps. Húsateikningar skulu gerðar af arkitekt..

#### Grein 3 eftir breytingu:


Ekki má byggja nema eitt íbúðarhús á lóðinni og sé aðeins ein hæð, sem má vera á kjallara, gefi jarðvegshæð á lóðinni greinilega tilfni til þess. Á norðurhluta byggingareits er heimilt að hús sé fullar tvær hæðir. Um gerð húsa fer eftir byggingarskilmálum sem settir eru af byggingarnefnd Gardahrepps. Húsateikningar skulu gerðar af arkitekt..

Deiliskipulag þetta sem hefur hlotið meðferð skv. 2.mgr. 26.gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. var samþykkt í skipulagsnefnd Gardabæjar þann 9.nóvember 2007 og í bæjarsjórn 6.desember 2007

Gremdarkynning fór fram frá 6.desember 2007 til 4.janúar 2008.  
Engar athugasemdir bárust.

Auglýst í B- deild Stjórnartíðinda 1.apríl 2008 nr. 307

Gardabæ 31.janúar 2008

  
Arnþjórn Vilhjálmsson  
Skipulagsstjóri





Fyrir breytingu 1:1000



Eftir breytingu 1:1000



Hluti af Aðalskipulagi Garðabæjar 2004-2016

Deiliskipulag fyrir Arnarnes var samþykkt 21. júní 1961.

**Skýringar**

-  svæði deiliskipulagsbreytingar
-  mörk byggingarreits skv. eldra skipulagi
-  ný mörk byggingarreits
-  kvðð um lagnir
-  bílastæði á lóð

**Breyting:**


Mörk byggingarreits breytast.  
Þar sem byggingarreitur stækkar er heimilt að byggja garðskála.



Deiliskipulagsbreyting þessi hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.. Breytingin var samþykkt í skipulagsnefnd Garðabæjar þ. 29. apríl 2009 og í bæjarstjórn Garðabæjar þ. 7. maí 2009.

Tillagan var grenndarkynnt frá 13. maí 2009 með athugasemdafresti til 10. júní 2009.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 24. sept. 2009.

*Guðlaugur Valdimarsson*  


Bæjarstjórn tekur að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

ARNARNES, GARÐABÆ  
SÚLUNES 20

BREYTING Á DEILISKIPULAGI

SKIPULAGSVEYÐNAI: BÍNAR ÞRÓMMARSSON-ARKITECT, LYNGHÁLSI 3, 110 REYKJAVÍK  
Daga: 10. ágúst 2009






Fyrir breytingu 1:1000






Eftir breytingu 1:1000



Hluti af Aðalskipulagi Garðabæjar 2004-2016

Deiliskipulag fyrir Arnarnes var samþykkt 21. júní 1961.

**Skýringar**



-  svæði deiliskipulagsbreytingar
-  byggingarreitur
-  bílastæði á 160

**Breyting:**

Bílastæði breyttist.

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.. Breytingin var samþykkt í skipulagsnefnd Garðabæjar þ. 15. júní 2009 og í bæjarstjórn Garðabæjar þ. 20. júní 2009.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 19. ágúst 2009.

Bæjarstjórn tekur að sér að bæta það tjón sem eignarhafi áttilar kunna að verða fyrir við breytinguna.



ARNARNES, GARÐABÆ  
PRASTANES 16


BREYTING Á DEILISKIPULAGI

SKIPULAGSVEÐNA: EDGAR ÞORMARSSON ARKITEKT, LYNGHÁLSI 3, 110 REYKJAVÍK  
Dag: 6. júlí 2009






Fyrir breytingu 1:1000



Eftir breytingu 1:1000



Hluti af Aðalskipulagi Garðabæjar 2004-2016


Deiliskipulag fyrir Arnarnes var samþykkt 21. júní 1961.

#### Skýringar

-  svæði deiliskipulagsbreytingar
-  húsi fyrir breytingu
-  viðbygging við efri hæð
-  viðbygging við báðar hæðir
-  bílastæði á lóð

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.. Breytingin var samþykkt í skipulagsnefnd Garðabæjar þ. 10.12.09 2010 og í bæjarstjórn Garðabæjar þ. 21. jan. 2010.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 16. apríl 2010.

*Guðbjörg Þórunn*  


Bæjarstjórn tekur að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.



1:5000

#### Greinargerð:

Heimilt er að byggja viðbyggingar á tveimur stöðum á austurhlíð hússins Prastanes 18. Stærð viðbygginga er 2 x 4,8 m, við efri hæð og 2,3 x 3,2 m, við báðar hæðir. Að öðru leyti gilda skipulagsskilmálar fyrir lóðina.

Skipting lóðarinnar Prastanes nr. 18 í lóðirnar Prastanes 18 og 18a var samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar þann 13. júní 1985. Á mæliblaði dags. 23. júlí 1985 er sýnd sú skipting sem bæjarstjórn samþykkti en byggingarreitir hefur verið felldur út. Grunnflötur beggja bygginga kemur fram á mæliblaðinu.

Samkvæmt samþykkt bæjarstjórn frá 3. september 2009 var tillögu þessari vísað til grenndarkynningar sem óverulegri breytingu deiliskipulags skv. 2. mgr. 26. greinar Skipulags- og byggingarlaga.

Eftirfarandi var fært til bókar:

"Skipulagsnefnd telur að við skiptingu lóðarinnar Prastanes 18 í Prastanes 18 og 18a árið 1985 hafi nýtt mæliblað fellt úr gildi byggingarreit sem fyrir var á lóðinni enda hafi sú breyting verið grundvallarbreyting á skipulagi lóðarinnar með tilliti til aðliggjandi lóða. Því beri að líta á breytingar sem fara út fyrir núverandi grunnflöt bygginganna sem breytingar á deiliskipulaginu."

ARNARNES, GARÐABÆ  
 PRASTANES 18  
 BREYTING Á DEILISKIPULAGI



SKIPULAGSDYNDNA: EDGAR DVORðARSSON AÐRETTI, LYNGLÍLÍL 2, 110 REYKJAVÍK  
 Daga. 12. nóv. 2010

MÖR. 2.10.00

Agnar - Mávanes 2  
Hátt 2-pi  
Kantit til þín  
eftur.

HLEDSLUHÚS EHF kt. 640998-2459

Þak hússins Mávanes 2, Garðabæ, eyðilagðist í bruna. Fyrirhugað er að endurnýja þakið með lágu risi. Fyrirhugað hækkun er 50 cm frá upprunalegri hæð þaksins. Uppbygging þaks verður Kento-limtrésperrur og þak heilklaætt með 25x150mm og lagt þakdúk. Verktæðiteikningar verða framlagðar áður en framkvæmdir hefjast.

64. HLEDSLUHÚS EHF.

Stefninnur

Hátt var afgreitt hjá  
Agnari að hefja  
Samskipti við Guðþór

Hál ekki í málhætti BSE



Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri,

Garðabæ,

Garðatorgi 7,

210 Garðabæ

Garðabæ, 12. júní 2014

### **Efni: Staðsetning á fornleifum vegna deiliskipulags á Arnarnesi**

Vegna ósamræmis í gögnum til grundvallar deiliskipulagi fyrir Arnarnes hvað snerti staðsetningu Gvendarbrunnar óskaði skipulagsstjóri Garðabæjar eftir því við undirritaða í tölvupósti 4. og 5. júní sl. að gengið yrði úr skugga um rétta staðsetningu. Arkitektastofan Hornsteinar ehf. væri að ljúka vinnu við deiliskipulagið fyrir bæjarfélagið og lægi á niðurstöðunum.

Við vettvangsskoðun komu í ljós frekari ágallar á fyrirliggjandi gögnum. Í samráði við skipulagsyfirkvöld í Garðabæ var því farið yfir allar staðsetningar með því að ganga svæðið og taka ný hnit og bera þau saman við fyrirliggjandi skráningu.

Í bréfi þessu og hjálögðu korti er leitast við að gefa fullnægjandi upplýsingar til að ljúka megi deiliskipulagsvinnunni og forða minjum frá raski, en skráningarskýrsla verður unnin síðar.

Hér að neðan er notast við númer á fornleifum úr fornleifaskráningu sem Fornleifastofnun Íslands ses. vann. (Fornleifaskráning í Garðabæ, 2009, Fornleifastofnun Íslands FS414-05192, Reykjavík).

Staðsetning Gvendarbrunnar [178-13] (Gvendarauga/Gvendarlind) á Arnarnesi var önnur í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar en á gömlum skipulagsuppdrætti hjá Garðabæ. Á uppdrættinum var brunnurinn merktur á milli Súluness 19 og Þernuness 2, en á korti sem fylgdi með fornleifaskráningunni var hann staðsettur á óbyggðri lóð við Súluness 29.

Undirrituð hefur unnið að því að hnitsetja fornleifar í Garðabæ og liggur fyrir landfræðilegur hnitagrunnur hjá skipulagsyfirkvöldum í bænum, sem ekki var til þegar umrætt deiliskipulag hófst, en þar er Gvendarbrunnur staðsettur á opnu svæði milli Súluness 19 og Þernuness 2 eins og á gamla skipulagsuppdrættinum. Við vettvangsskoðun var sannreynt að þessar upplýsingar eru réttar, sjá hjálagt kort.

Á korti Fornleifastofnunar eru tveir minjastaðir í viðbót ranglega færðir inn á lóðina að Súlunessi 29, hin forna alfaraleið [178-17] og brunngata [178-18], en í raun eru engar minjar sjáanlegar á lóðinni.

Þótt lýsingar á staðháttum séu nærri lagi í skýrslu Fornleifastofnunar er hnitsetningu því miður áfátt að því marki að ekki er hægt að mæla með að notast sé við kortið sem fylgdi skýrslunni. Sama á þar af leiðandi við um deiliskipulagsuppdráttinn Fornleifar, sem fylgir með greinargerð Hornsteina, með því að fyrrgreind gögn Fornleifastofnunar hafa verið lögð

honum til grundvallar. (Deiliskipulag Arnarness, 2011, greinargerð og skipulagsskilmálar, Hornsteinar, Reykjavík).

Í skýrslu Fornleifastofnunar er 38 fornleifa getið í Arnarneslandi, sem getur ekki talist vera tæmandi yfirlit, því að ekki hafa verið skráð öll hús og kálgarðar á Túnakorti frá 1918 eða meintar mannvistarleifar við alfaraleiðina. Reynt er að bæta úr því með hjálögðu korti.

Virðast að minnsta kosti 6 fornleifar vera rangt staðsettar þannig að kemur að sök vegna skipulagsvinnunnar:

1. *Þormóðsleiði/Þormóðsdys [178-006]*  
Hnitsetning hefur verið leiðrétt á hjálögðu korti. Lýsing í skýrslu Fornleifastofnunar virðist vera rétt.
2. *Smiðjuhóll [178-10]*  
Sagt er í skýrslu Fornleifastofnunar að sléttað hafi verið úr Smiðjuhól og að hann sé horfinn. Líkur benda hins vegar til að um sé að ræða hól við Hegranes 24. Hnit hans eru að finna á hjálögðu korti.
3. *Gvendarbrunnur [178-13]*  
Um Gvendarbrunn vísast til umfjöllunar hér að ofan, sjá hnitsetningu á hjálögðu korti.
4. *Alfaraleið [178-17]*  
Um alfaraleið vísast til umfjöllunar hér að ofan, sjá hnitsetningu á hjálögðu korti.
5. *Brunngatan [178-18]*  
Um brunngötu vísast til umfjöllunar hér að ofan, sjá hnitsetningu á hjálögðu korti.
6. *Vífilsstaðagata [178-21]*  
Vífilsstaðagata er að mestu leyti horfin undir ný mannvirki í Akrahverfi. Hnitsetning hefur verið leiðrétt í hjálögðu korti.

Auk þess þótti mikilvægt að merkja betur umfang bæjarstæðis Arnarnesbæjarins [178-01] en einungis með einum punkti, sjá hjálagt kort, því að leifar af bænum kunna að vera varðveittar undir sverðinum og þarf að forðast að raska svæðinu. Um aðrar hnitsetningar vísast til hjálögðs korts, t.d. á örnefnum, þótt ónákvæmni í staðsetningu þeirra hefði ekki truflað skipulagsvinnu eða framkvæmdir.

Virðingarfyllst,



Ragnheiður Traustadóttir, fornleifafræðingur,


f.h. Antikva ehf.




## Fornleifar á Arnarnesi



# Bæjarstæði Arnarnes og fornleifar



## Alfarleiðin og bæjarstæði Litla Arnarnes



GARÐABÆR  
DEILISKIPULAG ARNARNES

VIÐAUKI V



VARÐAR

## GRÓÐUR – ÚTSÝNI - UMHVERFISGÆÐI

Nr. skjals : 1

Ragnar Ingimarsson

Mávanesi 22

210 Garðabæ

### ATHUGASEMDIR

Mótmælir „tilskipan“ varðandi trjágróður í skilmálum deiliskipulagsins (gr.4.20). Telur ákv. byggingarreglugerðar (nr.112/1212, gr.7.2.2) varðandi trjágróður eigi að nægja.

### SVÖR VIÐ ATHUGASEMDUM

Arnarnesið er um margt einstakt hverfi á höfuðborgarsvæðinu. Byggðarmynstrið er heilsteypt og hefur löngum verið þekkt fyrir sína lágreista fastmótuðu byggð og útsýni til sjávar og sveita. Í dag er byggðin hins vegar að hverfa í gróðri og má segja að þeir sem enn hafa óskert útsýni eru eigendur lóða niður við sjó.

Við upphaf deiliskipulagsvinnu Arnarness (2011) var sérstaklega kynnt fyrir íbúum „tækifæri til breytinga“; þar sem íbúarnir sjálfir gætu sett fram tillögur sem e-k veganesti til skipulagssráðgjafa við deiliskipulagsvinnuna. Þar var m.a. kynnt, „Gróður – útsýni – grísiun – endurnýjun“.

Vegna jákvæðra viðbragða íbúa var ákvæði það sem lýst er í gr 4.20 í skipulagsskilmálum deiliskipulagsins mótað.

Þar er sérstaklega tekið fram að ekki sé heimilt að gróðusetja aspir og grenitré, en mælt með fjölskrúðugu tegundarvali annars trjágróðurs. Er þetta í fullu samræmi við það sem önnur sveitarfélög eru að leggja til í skipulagsmálum varðandi ágengar gróðurtegundir á einkalóðum; gróður sem m.a. mynda mikið skuggavarp (t.d.grenitré) eða hafa mikið rôtarkerfi og óæskilega vaxtastefnu (t.d.aspir).

Gildandi byggingarreglugerð (nr.112/1212) er lögð til grundvallar og er skilmálum deiliskipulagsins ætlað að styrkja frekar ákvæði reglugerðarinnar. Hver lóðareigandi ber svo ábyrgð á sínum gróðri í samræmi við byggingarreglugerð og skipulagsskilmála.

Bent skal á að Garðabær hefur sett sér „Markmið um trjágróður“ á lóðum íbúa, fyrirtækja, stofnana og opinna svæða. Ýmiss konar fræðsluefni þar að lútandi er að finna inni á heimasíðu bæjarins.

Í niðurlagi bréfs með athugasemdum segir bréfitari (næst síðasta málsgrein) :

*“..... **Ekki má horfa framhjá því að tré er alltaf hægt að fella bæði þegar þau eru komin á aldur og farin að líta illa út og eins ef aðstæður hafa breyst þannig að ástæða sé að fjarlægja þau.**”*

Það er einmitt þetta sem verðið er að leggja til í skipulagsskilmálum deiliskipulags Arnarness!

VARÐAR

## NÝTINGARHLUTFALL – HÆÐ BYGGINGAMÆNISHÆÐ - GRÓÐUR

**Nr. skjals : 2**

Dagfinnur Stefánsson  
Haukanesi 26  
210 Garðabæ

### ATHUGASEMDIR

Vísað er einnig til áður gerðra athugasemda varðandi byggingarmagn og nýtingarhlutfall.

1. Aðalskipulag  
Deiliskipulag skuli ekki vera byggt á endurskoðuðu Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030, en á aðalskipulagi 20014-2016.
2. Byggingarmagn/Nýtingarhlutfall (Vísað er til áður gerðra athugasemdar varðandi það sama á fyrri stigum deiliskipulagsins).

Markmið eldra skipulags ekki virt, t.d. mikilvægi útsýnis og hækkun á nýtingarhlutfalli sem mun umbylta ásynd byggðarinnar og gæðum frá því sem nú er. Vantar fleiri 3 víddar myndir til að sannreyna þessi áform. Skorar á skipulagsyfirvöld sveitarfélagsins að efna til íbúakönunar/íbúakostningar til að kanna frekar vilja þeirra.

3. Hámarkshæð/mænishæð  
Gerð er athugasemd við hve mikil hámarkshæð/mænishæð er leyfð í skipulagsskilmálum og að allt að 0.40m hæð sé frá götukóta í aðkomu lóðar.
4. Hæð gróðurs.  
Gerir athugasemd að tré meigi vera í mænishæð; og munu þar af leiðandi auka enn á útsýniskerðingu þá sem byggingarnar létu eftir.

## SVÖR VIÐ ATHUGASEMDUM

1. Aðalskipulag  
Vinna við deiliskipulag Arnarness hófst 2011 og er unnin skv. gildandi Aðalskipulagi Garðabæjar 2004-2016. Endurskoðað Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030 hefur ekki verið staðfest.
2. Byggingarmagn/Nýtingarhlutfall – (athugasemd áður lögð fram (2013))  
Í þeim grenndarkynningum sem hafa verið framkvæmdar á umliðnum áratugum hafa komið í ljós ólík sjónarmið íbúa sem hafa valdið ágreiningi. Með því að marka stefnu um æskilegt hámarks nýtingarhlutfall lóða leitast skipulagsyfirvöld eftir því að draga úr þeirri óvissu sem uppi hefur verið um þetta atriði.

Hækkun á nýtingarhlutfalli er einnig í samræmi við ákvæði nýrra/endurskoðaðra deiliskipulaga sambærilegra hverfa t.d. Flata. Að öðru leyti vísar Skipulagsnefnd í fyrra svar við sömu athugasemd (apríl 2014), en þar segir :

*Í upphaflegum ákvæðum afsala einbýlishúsa í Arnarnesi er að finna ákvæði sem í raun jafngilda takmörkunum nýtingarhlutfalls þar sem kveðið er á um að húseigendur byrgi sem minnst útsýni hver fyrir öðrum. Meðalnýtingarhlutfall í Arnarnesi er í dagi 0.24, mest 0.51 og minnst 0.17.*

*Í tillögu að deiliskipulagi sem nú er tekin til afgreiðslu er tekið mið af þeim stærðum, en þær eru mótandi fyrir núverandi byggðamynstur og yfirbragð hverfisins. Með tillögu um nýtingarhlutfall 0.45 telur skipulagsnefnd að verið sé að koma vel til móts við kröfur sem uppi hafa verið í hópi lóðaeigenda um aukið byggingarmagn.*

*Tillaga um hámarksstærð hins byggða flatar á lóðinni miðar að því að standa vörð um byggðamynstur og yfirbragð hverfisins sem er glæsilegt einbýlishúsahverfi með stórum húsaörðum. Það sjónarmið hefur einnig verið uppi í hópi lóðareigenda.*

Rétt er að taka fram að engar kvaðir eru á eigendum að nýta sé þær breytingar sem heimilaðar eru með deiliskipulaginu, en byggingaheimild er í hverju tilviki fyrir sig háð niðurrífi eða breytingu núverandi húsnæðis og frágangi á lóð.

### 3. Hæð bygginga/mænishæð

- ✓ Í grein 4.2 (bls 14) með tillögu að deiliskipulagi Arnarness segir m.a. :  
*„Gólfplata aðalhæðar/1.hæðar húss skal samlagast hæð á landi sem mest. Gólfplata aðalhæðar/1.hæðar má þó aldrei vera meiri en 0,20-0,40m yfir meðalhæð götu við lóðarmörk.....“*
- ✓ Í gr. 4.7 (bls.16) segir : *„Rishæð þaks má eigi vera meira en 1m.“*
- ✓ Í eldri skilmálum Arnarness er samþykktir voru 22.apríl 1964 segir í grein 3 :  
*a. „Á lóðum sunnan og vestan við götu skal gólfplata vera 0.20-0.40m yfir meðalhæð götu við lóðarmörk. ....“*  
*b. Á lóðum norðum og austan götu skal plötu hæð samlagast jarðhæð sem mest.....“*
- ✓ Og í grein 4 segir : *„Rishæð þaks má eigi vera meira en 1.00m.“*

Ákvæði skipulagsskilmála með tillögu að deiliskipulagi Arnarness eru því í fullu samræmi við eldri skilmála sama hverfis.

### 4. Hæð gróðurs

Hver lóðareigandi ber ábyrgð á sínum gróðri og skal leggja til grundvallar gildandi byggingarreglugerð.  
Skipulagsnefnd telur til fyrirmyndar að lóðareigandi hafi fellt trjágróður á sinni lóð til að opna fyrir útsýni nágrannans.

Bent skal á að Garðabær hefur sett sér „Markmið um trjágróður“ á lóðum íbúa, fyrirtækja, stofnana og opinna svæða. Ýmiss konar fræðslufni þar að lútandi er að finna inni á heimasíðu bæjarins.

*Sjá einnig svar við athugasemd 1(4).*



## VARÐAR LANDEIGENDUR

### Nr. skjals : 3

LEX Lögmannsstofa (Birgir Már Björnsson hrl. f.h Arnars Þórs Stefánssonar hrl.)  
v/ landeigenda Arnarnesjarðar.

### ATHUGASEMDIR

Athugasemdin tekur til þess í skilgreiningu á nýju útivistarsvæði til almannaþarfa á svokölluðu Háholti og á svæði á mörkum Tjaldaness og Æðarness felist skerðing á eignarréttindum án fullnægjandi lagastoðar. Séu fyrri andmæli við sambærilegri tillögu ítrekuð.

### SVÖR VIÐ ATHUGASEMDUM

Við skipulagningu byggðar á Arnarnesi á vegum landeiganda á árinu 1961 var gert ráð fyrir að til sveitarfélagsins féllu án endurgjalds tiltekin svæði til almenningsnota, þ.e. fyrir skóla, leikskóla og leikvelli, svo og vegna opinna svæða og gatna. Umrætt samningsákvæði var til samræmis við fyrirkomulag sem tíðkast hafði um árabíl við skipulagningu svæða í einkaeigu, sbr. og ákvæði 30. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Í deiliskipulagi nú er gert ráð fyrir að svæðið verði til almenningsnota, hvort tveggja til samræmis við framangreint og þær forsendur sem til grundvallar voru lagðar á sínum tíma. Er ekki fallist á að umrætt skipulag að því er varðar háholt á Arnarneshálsi valdi skerðingu á eignarréttindum eða sé án lagastoðar.

Að því er varðar svæði á mörkum Tjaldaness og Æðarness er þess að geta að í aðalskipulagi 1985-2005 var gert ráð fyrir að svæðið væri óbyggt svæði, en í aðalskipulagi 1995-2005, og frá 2004, féll það undir blandaða byggð stofnana og íbúða, án nánari afmörkunar. Með breytingu á aðalskipulagi sem staðfest var árið 2014 breyttist landnotkun á svæðinu í blandaða byggð fyrir opið svæði til sérstakra nota og svæði fyrir þjónustustofnanir. Í núverandi aðalskipulagstillögu er gert ráð fyrir að landnýting sem er í samræmi við deiliskipulagstillögunu, þ.e. að um almenningsnot sé að ræða. Er ekki fallist á að skipulagstillagan teljist ólögmat eða varði sérstakri bótaskyldu, en viðræður hafa átt sér stað milli Garðabæjar og fulltrúa landeigenda.

VARÐAR  
MÁVANES 5

Nr. skjals : 4

Jóhannes Þórðarson arkitekt FAÍ  
f.h.Ágústar Magnússonar eiganda lóðarinnar Mávaness 5, 210 Garðabæ

ATHUGASEMDIR

1. Upphaflegir skipulagsskilmálar og samþykktir aðaluppdrættir  
Eldri skilmálar hverfisins voru í fullu gildi þegar lóðarhafi keypti lóðina Mávanes 5. Lóðarhafi hafði því enga ástæðu til þess að ætla að heimildir hans til uppbyggingar á lóðinni yrðu síðan takmarkaðar.
2. Ógilding aðaluppdráttu  
Lóðarhafi kannst ekki við formlega tilkynningu þess efnis að teikningar af áður samþykktu húsi hafi verið felldar úr gildi. Getur sveitarfélagið staðfest að allar ákvarðanir þar um samræmist réttum stjórnsýsluháttum?
3. Hugtök í deiliskipulagi  
Í greinargerð og skipulagsskilmálum deiliskipulags Arnarness eru notuð hugtökin „*sýnilegur byggður húsfloður*“ og „*hlutfall grunnflatar (%) af lóðarstærð*“. Bréfitari telur þessi hugtök *markleysu*, þar sem þau eru ekki útlustuð nánar í greinargerð og finnast ekki í skipulagsreglugerð nr 90.2013 né í skipulagslögum nr. 123, 2010.
4. Skipulagsheimildir á öðrum lóðum í Arnarnesi  
Telur ekki neina brýna nauðsyn fyrir að setja takmarkaða byggingarheimildir (0,45). Bendir í því samhengi sérstaklega á Haukanes 14; byggt skv. eldri skilmálum (1966 með nhl 0,47) – og fyrirhuguð raðhús við Hegranes 1-3 með nhl. 0,45-0,5.
5. Óskir lóðarhafa  
Farið er fram á að byggingarskilmálar á lóðinni Mávanesi 5 verði ekki takmarkaðir frá samþykktum aðalupp-dráttum frá árinu 2008. Þannig verði heimilað að byggja á lóðinni (1400m<sup>2</sup>) :

- ✓ Byggingarmagn 1.154.1m<sup>2</sup>
- ✓ Nýtingarhlutfall samtals 0.82
- ✓ Nýtingarhlutfall (án kjallara) 0,45

## SVÖR VIÐ ATHUGASEMDUM

### 1. Upphaflegir skipulagsskilmálar og samþykktir aðaluppdrættir

Ekki er talið að í gildi hafi verið deiliskipulag fyrir Arnarnes, eða einstakar lóðir á því svæði, þar sem kveðið hafi verið sérstaklega á um hámark nýtingarhlutfalls. Þannig er ekki um það að ræða að deiliskipulagsáætlunin feli með beinum hætti í sér breytingu á fyrri ákvörðun sveitarstjórnar, heldur aðeins ákvörðun sveitarstjórnar um atriði sem hingað til hefur ekki verið tekin ákvörðun um.

Þrátt fyrir að byggingarreitur viðkomandi lóðar kunnir að hafa verið skilgreindur og afmarkaður á sínum tíma hefur það ekki sjálfkrafa í för með sér að lóðareigendum hafi verið og sé heimilt að nýta þann reit til fulls til bygginga. Afmarkaður byggingarreitur felur í reynd aðeins í sér að innan þess reits megi byggja en ekki sjálfkrafa að þann reit megi nýta til fulls. Vegna hvernar byggingar þarf byggingarleyfi, en slíkt leyfi er ekki veitt nema mannvirkið og notkun þess samræmist skipulagsáætlunum á svæðinu, sbr. nú 1. tölul. 1. mgr. 13. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010. Veiting byggingarleyfis kann því að verða háð atvikum og aðstæðum hverju sinni, í samræmi við gildandi deiliskipulag á hverjum tíma.

Með vísan til þessa verður ekki séð að verðmæti eignarlóða og nýtingarréttar lóðareigenda muni rýrna sérstaklega við gildistöku deiliskipulagsins. Hér má einnig líta til þess að í reynd fela umrædd ákvæði deiliskipulagstillögunnar um nýtingarhlutföll og byggðan flöt í sér að heimil nýting hvernar lóðar á svæðinu verður skýrari og afmarkaðri en verið hefur, sem telja verður hafa jákvæða þýðingu fyrir svæðið.

### 2. Ógilding aðaluppdráttar

Samkvæmt ákvæði 2.4.2. í byggingareglugerð nr. 112/2012 fellur samþykkt byggingaráforma úr gildi hafi byggingarleyfi ekki verið gefið út innan tveggja ára frá samþykkt þeirra. Það á því ekki við að tilkynna sérstaklega að samþykktar teikningar séu úr gildi fallnar.

Umsókn um byggingarleyfi skulu síðan fylgja aðaluppdrættir ásamt byggingarlýsingu, sbr. 1. og 2. mgr. gr. 2.4.1 byggingareglugerðar nr. 112/2012, sbr. og gr. 2.4.2. Verður því að telja að hér hafi verið fylgt réttum stjórnsýslu-háttum.

3. Hugtök í deiliskipulagi

Í skilmálatöflu (neðanmáls) hefur slæðst inn orðið „*sýnilegur byggður húsflötur*“. Að öllum líkindum e-k eftirlegukind frá eldri drögum deiliskipulagsvinnunar. Þetta hefur nú verið leiðrétt og hugtakið *byggður flötur* sett inn í staðinn. Að öðru leyti hefur ekki hefur fundist í greinargerð þau hugtök sem bréfitari vísar til, þ.e.a.s hugtökin „*sýnilegur byggður húsflötur*“ og „*hlutfall grunnflatar (%) af lóðarstærð*“.

Hins vegar er hugtakið „*byggður flötur*“, notað í greinargerðinni og skilgreint nánar hvað viðkomandi hugtak þýðir (bls. 17 í greinargerð), þ.e.a.s. „*Með 35% byggðum fletri er átt við þann hluta lóðar sem byggður er án tillit til hæðar húss eða kjallararýma. Skiptir þar ekki máli hvort um er að ræða eina eða tvær íbúðir (í einu húsi) á lóð. Heildarflötur byggingar á lóð má aldrei fara út fyrir fyrirskrifað hámarksnýtingarhlutfall viðkomandi lóðar.*

Í íslensku máli hafa löngum verið smíðuð ný orð og orðatiltæki. Þegar vel tekst til hættum við fljótt að skynja að um nýyrði sé að ræða og orðið verður sjálfsagður tákngervingur þeirrar merkingar sem í því er fólgin. Eitt þessara orðsmíða er hugtakið *byggður flötur*; hugtak sem nú er orðið afar algengt í allri skipulagsgerð og kemur víða við. Ekki hafa verið gerðar athugasemdir við notkun þess svo vitað sé á síðustu áratugum.

4. Skipulagsheimildir á öðrum lóðum í Arnarnesi

Í greinargerð (bls. 12) með tillögu að deiliskipulagi Arnarness segir: „*Eitt að meginmarkmiðum deiliskipulags Arnarness er að skoða möguleika til eðlilegrar endurnýjunar bygginga á svæðinu, er taki mið af heildaryfirbragði hverfisins, án þess að raska gæðum þess og réttindum íbúa*“.

Deiliskipulaginu er ætlað að marka stefnu skipulagsyfirvalda um yfirbragð byggðar í Arnarnesi m.t.t. þeirrar byggðar sem fyrir er og hagsmuna húseigenda. Í tillögu að deiliskipulagi Arnarness eru þau viðmið sett að nýtingarhlutfall á hverri lóð má vera allt að 0.45. Undantekning frá þessu eru raðhúsaloðirnar við Hegranes 1-3, en þar er nýtingarhlutfall 0,45-0,50, eins og fram kemur í greinargerð (bls.17).

5. Óskir lóðarhafa

Meðalnýtingarhlutfall í Arnarnesi er í dag 0.24, (mest 0.51 og minnst 0.17). Með tillögu um nýtingarhlutfall allt að 0.45 í hverfinu, telur skipulagsnefnd að verið sé að koma vel til móts við kröfur sem uppi hafa verið í hópi lóðaeigenda um aukið byggingarmagn. Óskum lóðareigenda Mávaness 5 um hækkun á nýtingarhlutfalli lóðar í 0,82, samræmist ekki viðmiðum deiliskipulags Arnarness og er því hafnað.

## VARÐAR SÚLUNES 23 og 25

### Nr. skjals : 5

Jóhannes Þórðarson arkitekt FAÍ  
f.h. lóðarhafa Súluness 25 (Gisla Vilhjámssonar og Kristínar Jónsdóttur), 210 Garðabæ.

Ýmiss fylgigögn :

- Uppdrættir af húsi og skráningartafla
- Mat á fjárhagslegu tjóni lóðarhafa (Karl Georg Ragnarsson, (2014))
- Súlunes 23 og 25. Drög að lóðarblaði (1987)
- Kæra vegan deiliskipulags Garðabæjar á Arnarnesi (2014)

### ATHUGASEMDIR

1. Lóðarheiti og númer  
Í fyrirbyggjandi deiliskipulagstillögu er lóðin Súlunes 25 kölluð Súlunes 23 -25. Lóðirnar voru sameinaðar með tilheyrandi skipulagsbreytingu árið 1991 og skv. Þjóðskrá heitir lóðin nú Súlunes 25.
2. Ranglega skráð stærð húss  
Skv. skráningartöflu sem fylgdi byggingarnefndarumsókn hússins Súluness 25 og var samþykkt árið 2006 er birt stærð hússins 1024m<sup>2</sup>. Óskað er eftir því að Garðabær sendi samþykktu skráningartöflu til Þjóðskrár og láti leiðréttu skráningu stærðar. Farið er fram á að stærð hússins verði leiðrétt í greinargerð og skipulagskilmálum fyrirbyggjandi deiliskipulags.
3. Hugtök í deiliskipulagi  
**Í greinargerð og skipulagsskilmálum deiliskipulags Arnarness eru notuð hugtökin „sýnilegur byggður húsfloður“ og „hlutfall grunnflatar (%) af lóðarstærð“.** Bréfritari telur þessi hugtök *markleysu*, þar sem þau eru ekki útlístuð nánar í greinargerð og finnast ekki í skipulagsreglugerð nr 90.2013 né í skipulagslögum nr. 123, 2010.  
Farið fram á að deiliskipulagið notist við hugtök sem skilgreind eru, s.s. byggingarmagn og nýtingarhlutfall.
4. Fyrirkomulag innkeyrslu og bílastæða

---

Sótt var um breytt fyrirkomulag innkeyrslu og bílastæða á lóð árið 1994 og 2009; samþykkt og framkvæmt. Farið er fram á að staðsetning innkeyrslna og bílastæða verði leiðrétt í tillögu að deiliskipulagi.

## SVÖR VIÐ ATHUGASEMDUM

1. Lóðarheiti og númer  
Tekið verður tillit til athugasemdar og lóðarheiti og lóðarnúmeri breytt í gagnagrunni/landupplýsingakerfi bæjarins og þar af leiðandi í deiliskipulagsgögnum.
2. Ranglega skráð stærð húss  
Pakkað er fyrir ábendinguna hvað varðar ranglega skráða húsastærð í Þjóðskrá. Þar er birt stærð 594,8m<sup>2</sup> (janúar 2018), en á að vera 1024m<sup>2</sup>.  
  
Garðabær mun senda viðeigandi leiðréttingu til Þjóðskrár. Skipulagsgögn (þ.m.t. skráningartafla ) verða uppfærð.
3. Hugtök í deiliskipulagi  
Sjá svar 4(3) við sömu athugasemd - og frá sama aðilja.
4. Fyrirkomulag innkeyrslu og bílastæða  
Almennt eru bílastæði sýnd utan byggingarreits og við götu. Deiliskipulagsuppdráttur verður uppfærður þar sem innkeyrsla Súluness 25 er rétt staðsett. Ekki verður þó synt innra skipulag lóðar frekar en á öðrum lóðum á deiliskipulagssvæðinu.

VARÐAR

ÚTIVISTARSTÍGAR

Nr. skjals : 6

Bjarni K. Stefánsson, Smáraflöt 7, 210 Garðabæ

ATHUGASEMD

Staðhæfing í gr. 4.21 (Göngu-og reiðhjólástígar) í skipulagsskilmálum „um aðgengi fyrir alla“ er ekki rétt.

## TILLAGA

Leggur til að í deiliskipulagi Arnarness verði gert ráð fyrir malbikuðum hjóla-og göngustíg meðfram strandlengjunni á Arnarnesi til að gefa öllum íbúum greiðan aðgang að strandlengjunni.

## SVAR VIÐ ATHUGASEMD

Hér gætir ákv. **misskilnings af hendi bréfitara varðandi „aðgengi fyrir alla“**. Í skilmálunum, grein 4.21 (bls.23) segir :

### *Aðgengi fyrir alla*

Aðgengi fyrir alla er tryggt að fjöru Arnarness á *a.m.k. þremur stöðum* á ytra hluta deiliskipulagssvæðisins, en þar verður komið upp litlum áfangastöðum, fyrir íbúa og gestir þeirra. Áningastaðir þessir skulu vera einfaldir í sniðum og efnisvali og aðlagðir að því umhverfi og þeim staðháttum sem einkennir hvert svæði fyrir sig.....“

## SVAR VIÐ TILLÖGU

Skipulagsnefnd þakkar tillöguna, en vill þó taka eftirfarandi fram :

Árið 2009 gerðu Garðabær og Umhverfisstofnun með sér samning um búsvæðavernd Skerjafjarðar í Garðabæ. Ákvæði samningsins um bústæðavernd í Skerjafirði innan bæjarmarka Garðabæjar eru mjög afdráttarlaus og lúta m.a. að leiðum til að tryggja verndun strandar, fjöru, grunnsævis og sjávarbotns á verndarsvæðinu, enda náttúrufar þess einstakt og óvenju fjölbreytt. Samningurinn setur m.a. þær skyldur á herðar sveitarfélagsins að halda hvers konar raski á verndarsvæðinu í lágmarki.

Meðal þess sem skoðað var við gerð deiliskipulagsins voru hugmyndir um gerð göngustíga meðfram strandlengju Arnarness. Þegar aðstæður í við strandlengjuna voru skoðaðar varð ljóst, að gerð hefðbundins göngustígs á svæðinu væri engan vegin möguleg án þess að til kæmi verulegt rask, þ.m.t. uppfyllingar á ákveðnum hluta. Það var niðurstaða, að fræmkvæmdir af því tagi væru, í senn, í andstöðu við framangreint samkomulag um búsvæðavernd Skerjafjarðar frá 2009 og myndu auk þess raska verulega yfirbragði og sérstöðu strandlengjunnar sem ósnortins svæðis.

Tillaga að deiliskipulagi Arnarness endurspeglar framangreind sjónarmið.





